Í tilvitnuðum ummælum núverandi forsetisráðherra, Hermanns Jónassonar felst, að honum er fyllilega ljóst, hverskonar stjórnarskipulag það er, sem þarf á sílum rannsóknaraðferðum að halda. Forsetisráðherrann segir sjálfur, að þær tilheyri „einræðinu og ógnum þess“. Honum er því sannarlega ljóst, fyrir hvaða stjórnarfyrirkomulagi hann er að berjast, þegar hann heldur uppi vörnum fyrir símhlerunum.

Það væri og synd að segja, að forsetisráðherrann væri ekki samkvæmur sjálfum sjer í þessari breyttu afstöðu sinni, því að í símhlerana-málunum er það óumdeilanlegt, að dómsmálaráðherra getur fengið úrskurðina birta, hvenær sem honum líst.

Nú er það að vísu svo, að birting úrskurðanna hjéðan af, getur engin áhrif haft á framkvæmd þeirra, og gerir hún því ekki það gagn, sem hún hefði gert, ef hún hefði farið fram nögu snemma, sem sje að koma í veg fyrir þetta heimildarlausa athæfi stjórnarvaldanna.

En undandráttarlaus birting úrskurðanna nú, mundi þó fá því áorkað, að almenningur gæti dæmt um rjettmæti þeirra. Þ. e. a. s. með birtingu þeirra nú mætti „opna rjettinn“, svo að orðalag dómsmálaráðherrans sje notað, að vísu einungis eftir á, þannig að ekki kemur að fullu gagni. En því frekari ástæða er til að birta úrskurðina nú, þar sem ástæðurnar, sem færa má gegn „opnum rjettarhöldum“ yfirleitt, þó að Hermann minnist ekki á þær í þessu erindi sín, sem sje að þau stundum komi í veg fyrir, að hægt sje að afla nauðsynlegra gagna, koma ekki framartil greina um símahleranirnar, a. m. k. ekki þær, sem fóru fram í sambandi við bílstjóra-verkfallið í veturnum.

Er því sýnt, að með synjun dómsmálaráðherrans á því að birta úrskurðina nú, er þannig ekki verið að greiða fyrir rannsókn þeirra afbrota, sem sagt er, að þeir hafi verið kveðnir upp vegna. Hverjar eru þá ástæðurnar fyrir því, að þeir eru ekki birtir?

Mjer er það ekki ljóst. En dómsmálaráðherra hefir sjálfur komið fram með sitt alít í framangreindum ummælum. Þar nefnir hann þá eina afleiðingu þess, að „rjetturinn sje opnaður“ fyrir almenningi, að komið sje „Í VEG FYRIR DAÐ, AÐ

HÆGT SJÉÐAÐ MÍSREITA ÁSÍSON“

KÆRUVALDINU“, og segir, „AÐ HÚN HEFÐI ORÐIÐ EITTHVAÐ ÖÐRUVÍSI RANN-SÓKNIN í ÝMSUM SAKA-MÁLUM HJER Á LANDI, EF HÚN HEFÐI VERIÐ FRAM-KVÆMD FYRIR OPNUM DYRUM“. Ráðherrann hefir bannig sjálfur gefið skýringu á því, af hverju úrskurðirnir fást ekki birtir. Eftir það sýnist ofdirfska af öðrum að koma með sínar skýringar.

Bjarni Benediktsson.

Sænsk-íslenski Vatna-jökulsleiðangurinn í óbygðum.

Sænsk-íslenski Vatnajökulsleiðangurinn er nú kominn í óbygðir. Í skeysi frá Jóni Eyþórssyni veðurfræðing til F.Ú., sent frá Hölmum í Hornafirði segir svo:

Mánuðaginn 27. apríl var unnið að flutningi farangurs upp Hofellsjökul með hjálp 9 manna frá Hoffelli og nágrenni, ásamt Jóni frá Laug. Um kvöldið var slegið upp tjöldum í hellirigningu í 400 metra hæð undir Múlahörmum.

Priðjudag var leitað að færum veg upp jökulinn og reyndist fært á örnmjóu belti vestur undir Hálsum.

Á miðvikudaginn voru enn sömum hjálparmann með leiðangursmönnum og fluttu farangurinn í 800 metra hæð undir Nýjunápu, sem er klettur í jöklum vestur af Goðaborg.

Leiðangursmenn eru nú á leið norður á Eyjabakkajökul og halda þaðan vestur að Esjufjöllum og bílast þeir við að verða þar 10.—14. maí. Þar hitta leiðangursmenn Jón frá Laug, sem annast flutninga þangað úr Suðursveit. Á stöðinni við Esjufjöll hafa leiðangursmenn útværsteki. Allir eru þeir við góða heilsu og í ágætu skapi.

Skemtun skólabarna á Reyðarfirði.

REIÐARFIRÐI MÁNUÐAG.

Kenslu í barnaskóla Reyðarfjarðar er nú lokið. Í skólamum hafa verið 55 börn í þremur deildum, þar af tóku 5 börn fullnaðar-próf.

Í tilefni af skólauppsögninni heldu börnin almenna skemtisamkomu í gar. Skemtunin hófst kl. 3 e. h.

Til skemtunar var nokkur smáleikrit, upplestur, samlestur, söngur og leikfimi. Alls voru skemtiatriðin 28.

Það þótti sjerstakt við samkomu þessa að skólabörnini önnudust sjálf öll skemtiatriði og tóku öll börnin virkan þátt í skemtiatriðunum. Að lokum var dans stiginn fram eftir nóttu.

Kennarar skólans eru Sæmundur Sæmundsson og Sigfús Jóns-

NATHAN & OLSEN.



Ódýrt kola-, „filet“ í öllum fiskbúðum

Hafliða Baldvinssonar.

Símar: 1456, 2908, 4402 og 4956.

Jeg þakka hjartanlega fyrir allan þann ástúðlega aðsúg, sem vinir mínr og vandamenn gerðu að mjer 30. apríl, með kvæðum, símskeytum, blómasendingum, lukkuóskum, latinugaldri, heimsóknum, dáleikum í leikhúsini og með samsæti og dansi á Hótel Borg. Fyrir fortölur mjer vitrari ættingja komst jeg þó lifandi heim.

Síðast en ekki síst þakka jeg tvö skeysi frá voru göfuga Alþingi, annað um gamalt áhugamál, og hitt sem snerti mig sjálfan.

Indriði Einarsson.



Faðir okkar,

Runólfur Ólafs,

frá Mýrarhúsum, fyrv. skipstjóri, andaðist 3. þ. mán.

Ólaffia R. Torfason, Ólafur R. Ólafs.

Maðurinn minn,

Gunnlaugur Pórsteinsson,

andaðist að heimili sinu, Kiðjabergi, 3. þ. m. kl. 4 siðd.

Soffía Skúladóttir.

Jarðarför okkar hjartlæru dóttur,

Inger Steinunnar,

fer fram miðvikudaginn 6. þ. m. og hefst með bæn kl. 1½ frá heimili okkar, Hringbraut 68.

Esther og Jóhann Steinsson.

Jarðarför konu minnar,

Grjetu Sigurgeirs Þóttur,

fer fram miðvikudaginn 6. maí kl. 3½ frá Bergþórugötum 8 A.

Ef einhverjir kynnu að óska að gefa blóm eða kvæða, eru þeir vinsamlega beðir að láta andvirðið ganga til styrktarsjóðs sjúklings á Vífilsstöðum.

Halldór Kristmundsson.

Norska „Landráða“ samningum haldið áfram vegna ráðherrastólsins.

Haraldur Guðmundsson játar hvernig hann kaupir sjer völd.

Fyrri stóryrði sósíalista dæmd af þeim dauð og ómerk.

FYRIRSPURN Guðbr. Ísbergs til atvinnu- og utanríkisráðherra um uppsögn norska samningsins kom til umræðu í neðri deild í gær.

Fyrirspurnin er svohljóandi: „Hefir verið sagt upp viðskiftasamningi milli Íslands og Noregs frá 17. sept. 1932, eða ef svo er ekki, má þá vænta bess, að svo verði gert á þessu ári?“

Um þetta mál urðu harðar umræður í deildinni.

Guðbr. Ísberg tók fyrstur til máls og gerði grein fyrir því, hvers vegna fyrirspurnin væri fram borin. Hann gat þess, að númerandi atvinnumálaráðherra og flokkur hans hefði frá byrjun verið mjög á móti þessum samningi. Hann gat þess ennum fremur, að skilja hefði mátt blað ráðherrans þannig, a.s. sumri, þegar ráðherrann fór utan, að erindið væri að fá samning þenna endurskoðan eða þá að segja honum upp. Síðan hefði ekkert heyrst um þetta mál. En það væri eindreginn vilji síldarútvegsmanna, sjómannna og þeirra, er atvinnu hefðu af síldveiðum, að samningnum yrði sagt upp. Þess vegna væri æskilegt að heyra, hvað stjórnin hefði aðhafst í málino og hvað hún ætlaði að gera.

Haraldur Guðmundsson atvinnumálaráðh., kvaðst búast við, að fyrirþyrjandi vissi betur en hann vildi vera láta. Því að ef samningnum hefði verið sagt upp, hefði það að sjálf-sögðu verið gert opinbert. En samningnum hefir ekki verið sagt upp og enn er ekki tekin ákvörðun um hvort honum verði sagt upp á næsta hausti.

Astæðan til þess, að samningnum hefir ekki verið sagt upp er sú, að ekki hefir náðst um þetta samkomulag milli stjórnarflokks. En það mun verða tekið til nýrrar yfirvegar, hvort sagt verði upp á næsta hausti.

Guðbr. Ísberg: Pakka upp-lýsingarnar, en jeg legg áherslu á, að samningnum verði sagt upp.

Pjetur Halldórsson: Mig undrar hvað ráðherrann gat svarað þessari fyrirspurn rólega og yfirlætislaust, eftir for-tíð hans og hans flokks í þessu

máli. Sósíalistar hafa látið mjög illa yfir þessum samningi, kallað að hann „landráða“-samning o.s. frv. Nú hefir ráðherra sósíalista haft tækifæri til að segja samningnum upp, en hefir látið það ógert. Mig undrar það ekki, að það komi í ljós að sósíalistar kyngi stóryrðunum í þessumáli, sem öðrum og hafi van-sæmd af. Bak við stóru orðin er engin sannfæring.

Har. Guðmundsson: Ræðu P. H. læt jeg ósvarað; jeg hefi skýrt ástæðuna fyrir því, að samningnum var ekki sagt upp.

Ólafur Thors: Jeg vil í sam-band við þetta mál minnast fornrar vináttu við atvinnumála ráðherrann og flokksmenn hans. Þegar samningurinn var gerður rjeðist ráðherrann og flokksmenn hans heiftarlega á hann. Mætti því ætla, að sósíalistar hefðu orðið fljótir til að losna við samninginn, eftir að beir tóku völdin. En þetta hefir ekki gerst ennþá.

Pessu næst las Ólafur upp úr Píngtíðindum (frá 1932) kafla úr ræðum þeirra Hjeðins Valdimarssonar, Haraldar Guðmundssonar og Jóns Baldvinssonar. Höfðu allir þessir herrar fordæmt samninginn með þeim ummælum, að hann væri „landráð“, íslensk rjettindi væru of-urseld erlendri þjóð, verkamenn væru swiftir atvinnu o.s. frv. o.s. frv.

Eftir lestarinn helt Ólafur á fram:

Það er ekki gaman fyrir þessa herra, að renna augunum 4 ár aftur í tímann.

En hvernig er hægt fyrir Harald Guðmundsson, eftir að hafa lýst yfir að hjer væri um „landráða“-samning að ræða, að sitja í 2 ár við völd án þess nokkuð að aðhafast?

Og ekki nóg með það, að H.G. hafi verið settur í atvinnumálaráðherra-sætið, heldur hefir hann einnig sest í sæti utanríkismálaráðherrans. — Samt gerði hann ekkert. En ofan á þetta bætist svo það, að fyrir liggur skýlaus yfirlýsing þess aðila, er fór með umboð ísl. bænda (Jóns Árnasonar), þar sem hann telur fríðindin þeim til handa hafa minkað mjög mikil og þau færðu stöðugt minkandi.

Hafi því verið ástæða fyrir

FRAMH. Á SJÖTTU SÍÐU.

Reynt verður að gera út ákarfa-veiðar frá Siglufirði.

Ýmsir annmarkar á því, sem erfitt er að ráða við.

KARFAVEIÐARNAR eru nú talað um að hefjist frá Siglufirði, en ekki frá Flateyri, vegna verkbanns Alþýðusambandsins, sem enn stendur yfir og ekki virðist eiga að ljetta af fyrst um sinn.

Alþýðublaðið skýrir frá þessu í gær og er auðsýjanlega hreykið yfir því hvernig sósíalistabroddunum hefir tekist að leika verkmenn á Flateyri. Enn fremur er frá því skýrt, að karfaveiðarnar hefjist nú þegar og muni að líkindum standa yfir í $1\frac{1}{2}$ mánuð.

En þetta eru því miður blekkningar, gerðar til þess að leiða at-hyglina frá hneyksli því, sem Alþýðusambandið hefir framið á Flateyri.

Karfautgerð getur ekki byrjað frá Siglufirði fyr en í fyrsta lagi eftir miðjan maímaðuð vegna þess að togarar geta ekki lagst upp við bryggjur síldarverksmiðjanna fyr en búið er að grafa frá bryggjunum möl og grjót, sem hlaðist hefir að þeim í vetur.

Auk þess hefir malarhryggurinn fyrir framan bryggjurnar hækkað mikil í vetur. Hryggur þessi er margra tuga metra breiður og er nú orðið svo grunt á honum að óvist er hvort hlaðir tog-arár fljóta yfir hann um háflóð.

Er óvist hvort takast megi með dýpkunarþipi að gera þarna skipengt fyrir togara svo fljótt að karfaveiðarnar hindrist ekki al-gjörlega af þessum sökum.

PREFALT LENGRÍ LEID Á MIÐIN.

Bestu karfamiðin eru á Halum og þangað er búist við að skipin þurfi nú að sækja aflann eins og í fyrra.

Frá Flateyri á Halamið eru um 50 sjómílur,

en frá Siglufirði á sömu mið eru um 150 sjómílur, eða pre-falt lengri leið.

Ríkisverksmiðjurnar voru búnar að fá fjögur skip til að veiða karfa fyrir Sólakkaverksmiðjuna fyrir 4 krónur pr. mál (135 kg.), en skip sem kynntu að stunda veiðar frá Siglufirði eiga að fá 5 kr. á mál, og greiðir fiskimála-nefnd hluta af verðmismuninum.

Vegna þess hve miklu dýrara og erfiðara er að sækja aflann frá Flateyri er óvist að skip fái til veiðanna frá Siglufirði, þótt

FRAMH. Á SJÖTTU SÍÐU.

Flótti símanjósnaranna rekinn.

Eftir Bjarna Benediktsson.

Svo sem eðlilegt er, þegar lit-í er á málavexti, hliðra hler-anamenn og verjendur þeirra sjer sem mest hjá að ræða um hleranamálið sjálft. Í stað þess reyna þeir að draga athygli al-mennings frá sjálfum símhler-unum með því að tala um ýmiskonar óskyld efni og reyna að telja mönnum trú um, að sama máli gegni um þau og símhleranirnar. Þessi viðleitni kemur einkum fram með þrennu móti. Í fyrsta lagi er blandað saman rannsókn símskeyta og símhlerunum. Í öðru lagi er því haldið fram, að það sjei ein-ungis leynivínsalar og vinir þeirra, sem sjei símhlerunum andvígir. Í þriðja lagi er nú síðstu dagana því mjög hampað, að símhleranir tiðkist sumstaðar erlendis, þótt forðast sje sem heitan eldinn að benda á heimildina fyrir þeim hjer á landi. Öllu þessu sam-fara er svo persónulegt nið og hótanir til þeirra, sem gerst hafa svo djarfir að hafa annað álit en stjórnarvöldin á rjett-meti símhlerana. — Skal nú þessi málflutningur litið eitt at-hugaður, að undanteknu niði og heitingum, sem eru þeim, er með koma, til verðugs lofs, en sanna litið annað en áður þekta góðvild og hófsemi þeirra há-gofugu herra sjálfra.

Á mig hafa hótanir þeirra a.m. k. engin áhrif. Peir hafa fyrri en nú látið það berast til míni, að jeg yrði ekki „bolaður“ við háskólan, ef jeg hjeldi fram annari skoðun á opinberum málum en þeim bóknast. Bendingar þeirra nú í þessa átt munu ekki að þessu sinni frekar en áður hræða mig frá að fylga því fram, sem jeg tel rjett.

I.

Því er mjög ákæft haldið fram, að þeir, sem sjei andvígir símhlerunum, sjei einnig fjand-samlegir rannsóknum og eftir-liti með símskeytum og loft-skeytum. Er það jafnvel blá-kalt borið fram, að það sjei „landhelgisnjósarar“ einir sem mótmæli símhlerunum, vegna þess, að þeir vilji fá að halda áfram í friði við fyrri iðju sína, en það muni þeir geta, ef símhleranir verði bannaðar. Verður ekki betur sjeð, en að sjálf neðri deild Alþingis hafi verið látin lýsa þessum skilningi yfir með samþykkt hinnar svokölluðu rökstuddu dagskrár, þar sem vísað var frá hinni rjettmætu kröfu um skipun rannsóknar-nefndar um símhleranirnar.

Peir, sem þessu halda fram, blanda þó mjög málum. Svo sem jeg hefi áður bent á gerir reglugerð nr. 118 frá 1917 um starfrækslu símasambanda bein-

Varnir símanjósaranna hraktar.

línis ráð fyrir því, að dómsúrskurði um rannsókn og stöðvun símskeyta sjeu heimilir. Enda er það vitanlega í fullu samræmi við 61. gr. stjórnarskráinnar að svo sje, þar sem hún heimilar að kyrsetja og rannsaka brjef og önnur skjöl samkvæmt dómsúrskurði eða eftir sjerstakri lagaheimild.

Ennfremur veitir 1. gr. reglugerðarinnar frá 1917 stjórnarráðinu rjett til að láta hætta símskeytasendingum um skemri eða lengri tíma á öllum eða einstökum línum, alveg eða að nokkru leyti, þegar nauðsynlegt þykir vegna heilla landsins. Þá hefir símastjórnin og rjett til að hafna eða hamla sjerhverju einkaskeyti, sem kann að þykja hættulegt fyrir öryggi landsins eða verður að efni til álitid koma í bága við landslög, almennar reglur og síðgæði.

Um loftskeyti voru sett ákvæði með 1. nr. 82. 1917, en þar segir í 3. gr., að ráðuneytið geti bannað öll þráðlaus firði-viðskifti innan íslenskrar landhelgi og gert þær ráðstafanir, er nauðsynlegar þykja til þess að banninu verði hlýtt. En í reglugerð nr. 32 1918 um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi 19. gr. er ennfremur ákvæðið, að einnig geti ráðuneytið látið hafa eftirlit með öllum loftskeytum og látið stöðva þau skeyti, sem að þess álti, geta verið skaðleg velferð landsins. Jafnhliða þessu gildir svo vitanlega heimildin til að stöðva skeyti og rannsaka skv. dómsúrskurði, sbr. 61. gr. stjórnarskráinnar. Til viðbótar þessum ákvæðum til hindrunar því, að loftskeyti sjeu notuð til lögbrota, koma svo bráðabirgðalög til varnar því, að skipum sje leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar; og er gert ráð fyrir, að nú eftir þing gangi i gildi frambúðarlög til hindrunar þvílikum leiðbeiningum.

Svo sem sjá má af þessu eru nú til itarleg ákvæði um rjett stjórnarvaldanna, þar með

dómsvaldsins, til að stöðva og rannsaka bæði símskeyti og loftskeyti. Um símtöl gegnir þar á móti alt öðru mál. Í 1. gr. reglugerðarinnar frá 1917 er að vísu sagt, að stjórnarráðið hafi rjett til að láta hætta símtolum um skemri eða lengri tíma á öllum eða einstökum línum, alveg eða að nokkru leyti, þegar nauðsynlegt þykir vegna heilla landsins. Að þessu leyti gilda því sömu reglur og um símskeyti, sem er eðlilegt. Eins er gert ráð fyrir því í 6. gr., að dómsúrskurður kunni að ganga um að stöðva beri símtöl milli tiltekina manna, og skal þá veita símtalspontunum viðtökum, en símtölin afgreiðast ekki. Aftur á móti er alls ekki gert ráð fyrir því, að dómsúrskurður gangi um hlerun símtala.

Heldur er ekki gert ráð fyrir hinu, að símastjórnin megi

landslög, almennar reglur og síðgæði, svo sem gera má um símskeyti, skv. 1. gr. Þessi munur kemur vitanlega af því, að ekki er hægt að vita hvort einstakt símtal er hættulegt nema á það sje hlustað, en sú hlustun er einmitt stranglega bönnuð í 23. gr.

Gildandi rjettarheimildir íslenskar hafa þannig ítarleg ákvæði til þess að koma í veg fyrir, að síminn sje notaður til lögbrota. En þar sem þau heimila bæði rannsókn og stöðvun símskeyta og loftskeyta, þá heimila þau einungis stöðvun símtala en ekki rannsókn þeirra.

Astæðurnar fyrir þessum mun þarf ekki að rekja. Einungis skal á það bent enn að ný, að dómsúrskurði um rannsókn og stöðvun símskeyta má eðli þeirra samkvæmt ætið þegar í stað birta fyrir ákærðum, og símastjórnin hefir óumdeilda rjett til að áfrýja þeim þegar í stað til hæstarjettar. Sama málí gegnir um stöðvun símtala milli ákveðinna manna. Skilyrði fyrir því, að símhleranirnar fái eðli sínu samkvæmt staðist er þar á móti ekki einungis það, að mönnum sje neitað um vitnesku um þá dómsathöfn, sem gegn þeim er beint, heldur líka að áfrýjunarrjetturinn sje tekinn af símastjórninni og örnum þeim, sem hjer eiga hagsmuna að gæta.

Stjórnarvöldunum áður fyrri hefir verið þessi munur og annar á rannsókn símskeyta og símhlerana ljós, og þess vegna heimila þau hið fyrnefnda en gera ekki ráð fyrir, að hið síðarnefnda eigi sjer stað. En þó að núverandi stjórnarvöld þykist ekki sjá þenna mun, en hann engu að síður óvjetengjanlegur og þess vegna viðurkenna allir aðrir en þau, að rjettur til rannsóknar á símskeytum geti mæta vel verið fyrir hendi og sje enda stundum nauðsynlegur, þó að heimildarlaust sje að hlera símtöl.

Í þessu sambandi er rjett að minnast á annað atriði, sem sje það, að því er halddi fram, að við áfrýjun áfengismála þeirra, sem búist er við að spretti upp af páskanjósum stjórnarvaldanna, muni það koma fram, hvort hæstirjettur telji símhleranarjett bann, sem stjórnarvöldin hafa tekið sjer, lögmætan. Því fer fjarri, að þetta sje rjett, því að það er viðurkent, að þótt lögreglan komist að einhverjum sönnunargögnum með ólöglegum hætti, þá er engu að síður heimilt að nota þau gegn sakborning. Það er því útilokað, að til fulls fáist skorið úr ágreiningsefninu með þessu móti. Fullnaðarúrskurð um það var ekki hægt að fá með öðru móti en því, að síma-málastjóri hefði áfrýjað öðrum hvorum eða einhverjum úrskurð inum þegar í stað. Ef hæsti-rjettur hefði talið, að sú áfrýjun væri óheimil, hefði fengist sönnun fyrir, að hann væri stjórnarvöldurum sammála um

meginkjarna málsins, en með þessu sinni farið með algera staðleysustafi, virðast hleramenn samt algerlega ófærir um að meta það, hvaða þýðingu þessar upplýsingar hafa fyrir símhleranir hjer á landi.

II.
Pá kem jeg að þeiri röksemindi, að það sjeu leynivinsalar einir og þeirra vinir, sem sjeu andvígir símhlerunum. Að þessu þarf í rauninni ekki að eyða orðum. Jeg hefi áður sýnt fram á, að með símhlerunum var í mesta lagi hægt að sanna, að líkur væri fyrir ólöglegri vín-sölu einhværra manna í bænum. En þær líkur voru fyrir hendi áður og þurfti ekki að grípa til þessa ráðs til að útvega þær. Hinsvegar er það bæði vitað og viðurkent, að i þetta sinn var vanrækt, a. m. k. áður en símhleranirnar byrjuðu, að útvega þau sönnunargögn, sem vant er að beita í þvílikum málum. Má bar ennþá einu sinni benda á, að langbesta sönnunin aust játningar er hjer vitanlega vitnisburður þeirra, sem hafa verið viðstaddir áfengissölu. Þá hefði mætt gera húsleit hjá sakborningum, athuga víンkaup þeirra, fylgja grunuðum bilum eftir, stöðva þá og rannsaka o. fl.

Alt þetta mun hafa verið vanrækt að gera, þó að unt hefði verið að framkvæma það án þess að brjóta verulega í bág við hagsmuni annara en þeirra, sem sjálfir voru grunaðir um afbrot. En í stað þessa er gripið til símhlerunar, ráðs, sem hvergi finst heimild fyrir í íslenskum lögum, og þannig óhákvæmilega hlustað á fullkomlega ósaknæm einkasamtöl óákvæðins fjölda borgara, um alt önnur efni en leynivinsölu. Það þarf sannarlega enga vináttu til leynivínsala til þess að telja slíkt athæfi ósæmilegt. Og ósóminn hverfur ekki, þó að hægt sje að benda á, að úti í löndum sje stundum talið heimilt að hlera í síma. Enda mun koma á daginn, að þessi leið til að ljóstra upp vínslubrotum mun síst happaselli en þær, er áður hafa verið farnar.

III.
Er þá komið að hvalrekanum mikla á fjöru hleranamanna, sem sje því, að þeir þykjast geta upplýst, að úti í löndum sje lögreglan ekki síður aðgangsfrek en hjer og hlusti stundum á símtöl manna. Það er ákaf-lega einkenilegt að sjá hina miklu gleði hlerana-herranna yfir þessu. Því að þetta er ekki annað en það, sem sjálfir ráðherrarnir, Hermann Jónasson og Haraldur Guðmundsson, voru báðir búnir að lýsa yfir áður. Hermann Jónasson hafði einmitt hátiðlega tilkynt á Alþingi, að hjer væri um að ræða „viðurkendan rjett dómsvaldsins í öllum menningarlöndum“. Með gleði sinni nú sýna þessir menn, að þeir hafa ekki haft nein gögn fyrir sjer, er þeir gáfu þessar fyrri yfirlýsingar, og að þeir hafa ekki verið alt of trúðir á sannindi sinna eigin ummæla.

Í gleði sinni yfir því, að ráðherrarnir tveir hafa þó ekki að

vitanlega ekki komið mjer á óvart, þó að í þeim löndum, sem eiga við alt aðra staðhætti að búa og þar sem lögreglan hefir gerólika aðstöðu því, sem hjer er, bæði til hins verra og betra að þessu leyti, sje litioð öðruvísi á þetta mál en gera ber með ísl. staðhætti og íslenskar rjettarreglur fyrir augum. Þeim einum, sem aldrei hafa fengist við samanburð rjettarreglna úr ýmsum löndum, og yfirleitt hafa gefist upp á því, að hugsa sjálfstætt, getur komið til hugar að binda sig svo við það, sem sögð er tiska annars staðar eins og hleranamenn vilja nú gera.

En hjer við bætist, að þau gögn, sem hleranamenn hafa lagt fram fyrir því, að símhleranir væru tíðkaðar erlendis, eru enn ærið ófullkomin og virðast vera þeim til vafasams gagns. Verður það raunar að teljast í meira lagi óviðeldið, að lögreglustjóri skuli ekki hafa birt opinberlega bæði um hvað hann spurði og eins svörin orðrjett. Kemur þetta sjerstaklega til greina um skeyti það, er hann tjáist hafa fengið frá Kaupmannahöfn. En þar virðist lögreglustjóri hafa felt niður mjög þýðingarmiklar upplýsingar. Þetta herbragð kemur hleranamönnum þó ekki að haldi.

Því að ef marka má það, sem í skeytinu stendur, að lögreglan þar hafi heimild til hlustunar símtala á sama hátt og hún megi rannsaka brjef samkvæmt úrskurði, þá sannar skeytið þveröfugt við það, sem það átti að sanna. Því að skv. 750 gr. rjettarfarslaganna dönsku sbr. 720. og 721. gr. 2. tl. y, er einmitt óheimilt að rjúfa leynd pósts og síma til rannsóknar brjefar og símskeyta, í áfengissölumálum, og eru þó refsiákvæði þau, sem þar eru greind, svipuð því, sem hjer er í þeim málum. Verður því ekki betur sjeð, en að lögreglustjóri hafi sannað, með skeyti þessu, það, sem jeg hefí halddi fram, að jafnvæl þótt símhleranir gætu stundum verið rjett-lætanlegar í meiri háttar málum, þá væri þó fráleitt að beita þeim í áfengissölumálum, vegna bess hve ómerkileg þau væru. Þegar jeg ljöt þetta álit uppi, töldu hini miklu lögvitríngar stjórnarvaldanna, að jeg hefði gert voðalegan lögræðilegan „horror“ og fengu lögreglustjóran til að býsnast opinberlega yfir fáfræði minni. Hvort þeir átta sig nú, þegar þeir hafa skeyti frá „sjálfri“ Danmörku, þar sem hinu sama er halddi fram um þetta og jeg hjelt fram þegar í upphafi, er ekki gott að segja. En óneitanlega snúast vopnin við í höndum lögreglustjóra, ef skeyti hans sanna, að lögregla „mesta lýðræðislandsins“ telur sjer óheimilt að beita símhlerunum í einmitt sömu málunum, sem hafa gefið tilefni til ágreiningsins hjer.

Út frá því sjónarmiði, að hjer sje um að ræða ólika hagsmuni, sem hvortveggi hafi nokkuð til síns rás, setur það